

## STF-2015-02 Pílagrímagöngur

Markmiðið er að bjóða upp á pílagrímaleið milli Kirkjubæjarklausturs og Þykkvabæjarklausturs.

Í Kirkjubæjarklaustursprestakalli eru fjórar sóknir og því fjórar sóknarkirkjur. Tvær þessara sóknarkirkna standa á stöðum sem eru frægir fyrir þau klaustur sem þar stóð áður. Kirkjubæjarklaustur og Þykkvabæjarklaustur eru sögufrægir staðir og er talið að klaustrin sem þar stóðu hafi fyrir á öldum verið vel þekkt um hina kristnu Evrópu. Talið er að Þykkvabæjarklaustur hafi verið um stund eitt af merkustu klaustrum Evrópu. Það eru því margir ferðamenn sem koma og heimsækja báða staðina til þess að kynna sér sögu þeirra og þar á meðal sögu klaustranna.

Á síðustu áratugum hafa pílagrímaferðir aukist mjög og í mörgum tilvikum tengdar ferðamennsku og menningarsögu ásamt sögu kristinnar á hverjum stað. Til dæmis hefur aðsókn á Jakobsveginn til Santiago de Compostela í Galísíu á Spáni aukist gífurlega og eftir að vegur Ólafs helga til Niðaróss var endurvakinn hafa pílagrímaferðir í Noregi vaxið að vinsældum.

Unnið verður að verkefninu út frá sögu pílagrímaferða og hvernig slík vinna gæti farið fram með því að skoða sambærilegar ferðir erlendis. Skoðuð verða kort og leiðir, mögulegir áningarstaðir o.fl. og í framhaldinu að stika leið milli Klausturs og Þykkvabæjarklausturs

Verkefninu var úthlutað kr. 500.000.- árið 2015.